

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 84/2021**

**frá 5. febrúar 2021**

**um breytingu á XXI. viðauka við EES-samninginn (Hagskýrslugerð)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1910 frá 7. nóvember 2019 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004 að því er varðar hagskýrslur Bandalagsins um upplýsingasamfélagið fyrir viðmiðunarárið 2020 <sup>(1)</sup>.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 28n (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2018/1798) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„28o. **32019 R 1910**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1910 frá 7. nóvember 2019 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004 um hagskýrslur Bandalagsins um upplýsingasamfélagið fyrir viðmiðunarárið 2020 (Stjtið. ESB L 296, 15.11.2019, bls. 1).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2019/1910, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 296, 15.11.2019, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Clara Ganslandt***

*formaður.*

ÓOPINBER ÞÝÐING